

27. maí.

251

Nr. 135.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til Tryggingastofnunar ríkisins, um daggjald opinberra sjúkrahúsa og stundunargjald þeirra vegna utanhéraðssjúklinga.

Samkvæmt ósk Tryggingastofnunar ríkisins í bréfi dags. 27. febrúar s. l. og að fengnum tillögum landlæknis, dags. 5. þ. m., tekur ráðuneytið hér með fram, að það staðfestir hér með, samkvæmt heimild í 3. mgr. 51. gr. laga um almannatryggingar nr. 40 30. apríl 1963, að daggjald það, sem ríkisframfærslan greiðir opinberum sjúkrahúsum sem daggjald fyrir sjúkrahúsvist og þjónustu fyrir aðra en utanhéraðsmenn, sé hið opinbera daggjald fyrir aðra en utanhéraðsmenn fyrir sjúkrahúsvist og þjónustu og sé það full greiðsla fyrir sjúkrahúsvistina, lyf og þjónustu alla, þar með talin læknishjálp, og ákveður jafnframt, að hinum sömu sjúkrahúsum sé auk þess rétt að taka af utanhéraðssjúklingum stundunargjald, sem sé 30% af daggjaldinu og greiðist fyrir fyrstu 30 daga sjúkrahúslegunnar. Sé það einnig full greiðsla bæði fyrir sjúkrahúsvist, lyf og þjónustu alla, þar með taldar aðgerðir og önnur læknishjálp.

Fyrir utanhéraðssjúklinga, sem dvelja á sérstökum opinberum hjúkrunarspítölum, greiðist engin aukagreiðsla.

9. júní.

Nr. 136.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð Elínar Briem, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 9. júní 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Elínar Briem.

1. gr.

Verðlaunasjóður Elínar Briem er stofnaður af Guðmundi Jónssyni, garðyrkju-manni, Blönduósi, með kr. 2000.00 framlagi við skólaslit Húsmæðraskólans á Blönduósi vorið 1962.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna þá námsmey eða námsmeyjar við Húsmæðra-skólann á Blönduósi, sem fá hæstu einkunn í háttvísi við húsmæðraskólann ár hvert.